



Grunnskólinn á  
Eskifirði

# Útíkennsla og umhverfið



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Grunnskólinn á Eskifirði

Hilmar Sigurjónsson skólastjóri var jafnframt verkefnisstjóri

No. 26. 2011-2012

## **Markmið verkefnisins:**

Markmið verkefnisins er að styrkja kennara í starfi sínu með því að þeir kynnist af eigin raun möguleikum þeim sem felast í útikennslu í nærumhverfi okkar. Áhersla er lögð á að kynna þeim náttúruna í nágrenni okkar jafnt til lands og sjávar, örnefni og sögu.

Strax í upphafi var ákveðið að semja við Ferðapjónustuna á Mjóeyri um að leiða þetta starf og veita þá ráðgjöf og aðstoð sem starfsfólk og eigendur fyrirtækisins hafa yfir að ráða.

Ákveðið var að meginþungi vettvangsvinnunnar yrði unninn á vorönn en haust og vetur yrði notað til efnisöflunar og undirbúnings verkefnisins.

## **Dagskrá verkefnisins:**

Á tveimur kennarafundum að hausti var verkefnið kynnt og þær hugmyndir sem verkefnisstjóri og leiðbeinendur höfðu um verkefnið og kallað eftir viðbrögðum og hugmyndum kennaranna sjálfra um framkvæmd verkefnisins. Á niðurstöðum þeirra funda var síðan endanleg dagskrá mótuð.



1. og 2. desember 2011 fóru verkefnisstjóri og leiðbeinendur á ráðstefnu um útikennslu sem haldin var af menntavísindasviði HÍ í Reykjavík og þar hófst aðdráttur þess búnaðar sem nauðsynlegur var til framkvæmdarinnar.

## Framkvæmdaáætlun:

Föstudagana 16. mars og 27. apríl verður unnið með kennurum í tvo tíma frá kl. 13:00 – 15:00.

Hópnum skipt og fer annar hópurinn til fjalls og þar verður unnið að skipulögðum verkefnum sem því umhverfi tengist. Skoðað hvað hægt er að gera með nemendum í hinum ýmsu námsgreinum þar á mismunandi árstíðum.



Hinn hópurinn verður við sjóinn og á sama hátt verður hugað að verkefnum sem þar er hægt að vinna á mismunandi árstíðum í öllum greinum.

Báða daga verður endað með útiildun við skólann eða í fjöru á Mjóeyri.

Að loknum vinnudögum í apríl skulu kennarar skila inn á vefsvæði skólans kennsluáætlunum í sínum kennslugreinum og bekkjum um útikennslu og tengingu hennar við daglegt starf.

6. og 7. júní verður farið með hópin gangandi frá Karlsskála í Vöðlavík, 6 til 8 tíma göngu með viðkomu á Valahjalla þar sem liggur flak þýskrar sprengjuflugvélar frá seinna stríði.

Öðru starfsfólki verður boðið að taka þátt í þessari ferð. Gist verður í skála Ferðafélags Fjarðamanna.

Þeir sem ekki treysta sér í göngu komast á áfangastað með öðru móti.

Í Víkinni verður sagan krufin á kvöldvöku að lokinni útieldaðri máltíð, en dagarnir notaðir til náttúruskoðunar, gróðurs og dýra eins og veður og aðrar aðstæður gefa tilefni til.

Gist í skála Ferðafélags Fjarðamanna.

Farið heim með rútu seinni hluta dags 7. júní.

## **Framgangur verkefnisins:**

Skemmst er frá því að segja að framkvæmdin gekk eftir eins og áætlað var og var misjafnt veður ekkert að þvælast fyrir okkur nema síðasta daginn sem nota skyldi til að fræðast og skoða náttúrufar í fjöllum Vöðlavíkur. Þá var afspyrnu rok af austri. Heimferð var því flýtt nokkuð og var því einungis á heimleiðinni



hlaupið út úr rútu til að skoða það helsta sem leiðsögufólk okkar af Mjóeyrinni benti okkur á. Heimkoma var um kl. 15. Að öðru leyti má segja að áætlunin hafi gengið eftir eins og ráðgert var.

## **Ávinningur:**

Það sem vakti mesta athygli meðan á verkefninu stóð var hve snemma kennarar voru í raun tilbúnir til að reyna útikennslu því jafnvel eftir fyrstu fundi okkar um verkefnið voru nokkrir farnir að nota hugmyndina og síðan þegar vettvangsvinnan var hafin á vorönninni voru það allir sem unnu að einhverju verkefni tengt útikennslu. Nú á haustönninni gáfu skólastjórnendur það síðan út að allir skyldu skipuleggja útikennslu fyrir sína bekki tvisvar á önninni sem lýkur um miðjan nóvember. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að því verði haldið þannig að allir nemendur fái að lágmarki sex daga á skólaárinu þar sem skólastarf fari að minnsta kosti að hluta til fram úti.

Hugmyndabanki sem kennarar hafa sett inn á innri vef skólans óx verulega í framhaldi af verkefninu og í framhaldinu fara þar inn allar kennsluáætlanir sem unnið verður eftir í vetur og raunar hér eftir. Þegar ný heimasíða okkar lítur

dagsins ljós á næstu vikum verður gert ráð fyrir að hugmyndabankinn verði þar aðgengilegur.

Sprotasjóði er þakkað fyrir stuðninginn sem gerði þetta verkefni mögulegt og mun útikennsla því í framtíðinni setja svip á skólastarf Grunnskólans á Eskifirði sem fastur liður í skólastarfinu.

Hilmar Sigurjónsson  
Verkefnisstjóri